



Íslensk málnefnd

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2013

14. nóvember 2013

Á undanförunum árum hefur fjöldi fólks af erlendum uppruna flust til Íslands. Fjöldinn náði hámarki árið 2009 en næstu ár dró nokkuð úr fjölda innflytjenda. Frá 2012 til 2013 hefur þeim hins vegar fjölgað í fyrsta sinn frá árinu 2008 (Ari Klængur Jónsson 2013:3). Að sama skapi hefur fjöldi barna með innflytjendabakgrunn margfaldast á örfáum árum. Skólakerfið stendur nú frammi fyrir mikilvægu verkefni sem felst í því að mennta og styðja nýjan fjöltyngdan og fjölmennningarlegan hóp nemenda. Að þessu sinni vill Íslensk málnefnd beina sjónum sínum sérstaklega að börnum af erlendum uppruna og skólastarfi.

Staðan

Í byrjun árs 2013 voru innflytjendur á Íslandi 25.926 talsins. Fjöldinn er 29.130 ef börn innflytjenda fædd hér á landi eru talin með, þ.e. svokölluð önnur kynslóð innflytjenda. Þetta þýðir að 9,1% landsmanna er annaðhvort innflytjandi eða af annarri kynslóð innflytjenda (Ari Klængur Jónsson 2013:1). Pólverjar eru stærsti hópur innflytjenda eða 44%; þeir eru nú 3% landsmanna.

Þegar rýnt er í tölur kemur í ljós að fjöldi þeirra sem teljast til annarrar kynslóðar innflytjenda hefur margfaldast á örfáum árum. Fyrir 15 árum var einungis 0,1% landsmanna af annarri kynslóð innflytjenda (387 einstaklingar) en í ársbyrjun 2013 hafði fjöldinn tífaldast og er nú um 1% þjóðarinnar eða 3.204 einstaklingar (Ari Klængur Jónsson 2013:11). Önnur kynslóð innflytjenda er ung að árum, fjögur börn af fimm eru innan við 10 ára aldur. Það skýrist af því að sú þróun að hingað flytjist fjöldi fólks af erlendum uppruna er ný á Íslandi. Nú er svo komið að nærri því tíunda hvert barn á aldrinum 0–4 ára hefur innflytjendabakgrunn, er af fyrstu eða annarri kynslóð innflytjenda.

Í skýrslu Fjölmenningarseturs má finna tölur yfir fjölda innflytjendabarna í leik- og grunnskólum og hefur fjöldi þeirra sjöfaldast frá aldamótum (Ari Klængur Jónsson 2013:32–33). Þegar tölur yfir skráningu innflytjenda í framhaldsskóla og brotthvarf eru skoðaðar kemur í ljós að aðeins 80% barna af erlendum uppruna hófu nám í framhaldsskóla árið 2010 en sambærilegar tölur fyrir íslensk ungmenni eru um 96%. Fram kemur að þróunin hafi verið heldur upp á við síðustu ár; árið 2007 var hlutfallið til dæmis 69% hjá innflytjendabörnum. Brotthvarf innflytjenda

úr námi er töluvert eða um 20%. Það er hins vegar ekki miklu meira en brotthvarf íslenskra ungmenna; vandinn virðist frekar liggja í því að mun færri innflytjendabörn hefja nám í framhaldsskóla og það er áhyggjuefni.

Horfurnar

Það er ljóst að skólakerfið allt stendur frammi fyrir miklum áskorunum þar sem svo mikill fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku er og verður við nám í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins næstu árin og áratugin. Skólakerfið er eitt öflugasta tækið sem við höfum til að styrkja og efla íslensku, hvort sem íslenska er fyrsta eða annað mál nemendanna. Þar sem innflytjendasaga okkar er stutt höfum við tækifæri til að nýta okkur reynslu annarra þjóða og niðurstöður fjölmargra erlendra rannsókna á aðlögun innflytjenda og námsárangri og námsfærni tvítyngdra barna.

Tvítyngi er flókið fyrirbæri og tekur til margra þátta. Þegar kemur að menntun barna með annað móðurmál en það sem ráðandi er í samfélaginu eru fræðimenn sammála um að svokallað *virkt tvítyngi* sé farsælast. Virkt tvítyngi felur í sér *málviðbót*, þ.e. að seinna málinu er bætt við móðurmálið en það verða ekki *málskipti* — nýja málið kemur ekki í stað móðurmálsins. Rannsóknir benda til að málviðbót eða virkt tvítyngi styrki og hafi jákvæð áhrif á námsárangur en málskipti hafi neikvæð áhrif (Birna Arnbjörnsdóttir 2007:65). Færni í móðurmáli er talin lykill að því að læra annað mál og styðja auk þess við vitsmunalegan þroska á öðrum sviðum. Tungumálið er ekki aðeins tæki til samskipta, það er mikilvægt þegar kemur að vitsmunþroska einstaklings. Sterk staða í móðurmáli er talin leiða til sterkrar stöðu í lestri og ritun í seinna máli sem er forsenda þess að nemendur með annað móðurmál en það sem ríkjandi er í samfélaginu geti tileinkað sér námsefni skólanna. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* er sérstakur kafli um íslensku sem annað tungumál og þar er rætt um virkt tvítyngi. Foreldrar eru hvattir til þess að styðja við íslenskunám barna sinna og styðja og hlúa að móðurmálinu jafnhliða og stuðla þar með að virku tvítyngi allra nemenda með annað móðurmál en íslensku. Í sama kafla er líka bent á þann fjársjóð sem felst í því að hafa móðurmálsfærni í tveimur tungumálum. Það er mikilvægt fyrir sjálfsmynd tvítyngdra einstaklinga og mikill ávinningur fyrir þjóðfélagið allt (*Aðalnámskrá*, bls. 106).

Rannsóknir hafa leitt í ljós að erlendir nemendur sem fá enga sérstaka aðstoð eða eru einangraðir í kennslu sem er sérstaklega skipulögð fyrir þá, standa verr að vígi en innfæddir jafnaldrar um miðbik grunnskólans. Meðal þessara nemenda er mest brotthvarf á síðari skólastigum. Þeir nemendur með annað móðurmál sem fá tvítyngiskennslu standa hins vegar jafnfætis innfæddum áður en grunnskóla lýkur og í þeim hópi er minnst brotthvarf eftir skólaskyldu (Nína V. Magnúsdóttir 2012:22). Sýnt hefur verið fram á að sú aðferð að taka erlenda nemendur út úr bekk og kenna þeim í sérstökum móttökudeildum dragi úr námsfærni þeirra auk þess sem aðferðin auki félagslega einangrun nemendanna og fordóma meðal skólafélaga (Nína V. Magnúsdóttir 2012:22–23 og rit sem þar er vitnað til).

Í rannsókn Nínu V. Magnúsdóttur á viðhorfum nokkurra erlendra grunn- og framhaldsskólanemenda til þeirra hindrana sem verða á vegi þeirra í íslensku skólakerfi kemur fram að

félagsleg einangrun sé sá þáttur sem reynist þeim einna erfiðastur. Að auki nefna nemendurnir að lítil íslenskukunnátta sé mikil hindrun. Niðurstöðurnar sýna að nauðsynlegt er að allt skóla-samfélagið viðurkenni og kynni sér menningar- og félagsauð innflytjenda og líti á fjölbreytileikann sem styrk en ekki veikleika.

Það er því ástæða til að huga vel að því hvernig erlendum nemendum er sinnt í skólum landsins og draga lærdóm af rannsóknum og reynslu annarra þjóða sem eiga sér mun lengri innflytjendasögu en við hér á Íslandi. Einnig er brýnt að efla rannsóknir á líðan og stöðu erlendra nemenda í íslensku skólakerfi. Enn fremur er nauðsynlegt að auka fræðilega þekkingu á íslensku sem öðru máli og auka jafnframt færni í kennslu íslensku sem annars máls eins og Íslensk málnefnd hefur áður bent á (*Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2009*).

Í *Íslensku til alls* er íslensk málstefna sett fram en hún var samþykkt á Alþingi í mars 2009. Þar er sérstakur kafli um íslensku sem annað mál. Í kaflanum er farið yfir stöðuna og horfur og sett fram markmið Íslenskrar málnefndar varðandi íslensku sem annað mál. Markmiðunum er fylgt eftir með tillögum að aðgerðum (*Íslenska til alls*, bls. 78–82). Í markmiðunum sem þar er lýst er m.a. lögð áhersla á trausta fræðilega þekkingu á tileinkun og kennslu íslensku sem annars máls. Þá er bent á nauðsyn þess að mennta og þjálfra sérstaklega þá kennara sem kenna innflytjendum íslensku og að kennsla í íslensku þurfi að vera aðgengileg og ódýr. Þá þarf hvatning til að læra íslensku að vera fyrir hendi svo og jákvætt viðhorf í samfélaginu gagnvart íslensku með erlendum einkennum. Megináherslurnar í *Íslensku til alls* snúa að fullorðnum einstaklingum sem flytjast hingað til lands og úrræðum sem gagnast þeim sem vilja læra íslensku á fullorðinsárum. Þar kemur þó fram að nauðsynlegt sé að hlúa að börnum innflytjenda í íslensku skólakerfi og reynt verði að tryggja að þau fái nægilega málörvun, jafnt í íslensku sem móðurmáli sínu.

Íslensk málnefnd hefur rætt um nauðsyn þess að útbúin verði próf til að meta kunnáttu innflytjenda í málinu og færni þeirra í öllum þáttum málsins. Prófin væru gagnleg í skólastarfi og ekki síður fyrir vinnumarkaðinn. Gerð prófa af þessu tagi krefst fræðilegrar þekkingar og þarf að byggjast á rannsóknum á íslensku sem öðru máli. Prófin og undirbúnings- og rannsóknarvinna við gerð þeirra gætu nýst sem fræðilegur hvati fyrir þetta unga fræðasvið héraendis. Prófin hefðu því bæði hagnýtt og fræðilegt gildi. Vönduð próf sem byggjast á rannsóknum á máltileinkun eru líka mikilvægt hjálpartæki við gerð námsefnis og kennsluáætlana og geta þar með orðið til þess að því fé sem veitt er í málaflokkinn sé varið á skynsamlegan hátt.

Aðgerðir

Það er mikill ávinningur fyrir einstaklinga að hafa góða færni í tveimur tungumálum og ekki síður er það mikilvægt fyrir þjóðfélagið allt á tímum alþjóðavæðingar. Til að nýta þennan tvítyngda fjár-sjóð er góð menntun barna af erlendum uppruna nauðsynleg; menntun er undirstaða velgengni í samfélaginu. Ýmislegt bendir til þess að þessum hópi nemenda líði ekki vel í íslenskum skólum og börn með erlendan bakgrunn fara síður í framhaldsskóla en innfæddir jafnaldrar þeirra. Í ljósi þessa leggur Íslensk málnefnd til eftirfarandi markmið og aðgerðir:

- Unnið verði markvisst að því að eyða fordómum og auka þolinmæði gagnvart íslensku með erlendum einkennum með jákvæðri umræðu og fræðslu.
- Efla þarf rannsóknir á stöðu og líðan erlendra nemenda í íslensku skólakerfi.
- Kannaðar verði ástæður þess að færri nemendur af erlendum uppruna hefja og ljúka námi í framhaldsskóla en innfæddir jafnaldrar þeirra.
- Styrkja þarf skólakerfið svo að það verði fært um að takast á við nýjan fjöltyngdan og fjölmenningarlegan nemendahóp.
- Efla þarf fræðslu fyrir foreldra tvítyngdra barna og styðja þá í því að hlúa að móðurmáli barnanna.
- Efla þarf rannsóknir á tileinkun íslensku sem annars máls.
- Tryggja þarf að allir kennarar á öllum skólastigum hafi góðan grunn í íslensku og færni í því að kenna íslensku sem annað mál.
- Hefja þarf vinnu við gerð prófa til að meta kunnáttu innflytjenda í málinu og færni þeirra í öllum þáttum málsins.

Heimildir

- Adalnamskrá grunnskóla: almennur hluti 2011: greinasvið 2013.* Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Reykjavík. Aðgengilegt á <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola>
- Ari Klængur Jónsson. 2013. *Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi.* Fjölmenningarsetur, Ísafirði.
- Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2009.* Íslensk málnefnd, Reykjavík. Aðgengilegt á <http://islenskan.is>
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2007. Samfélag málnotenda: Íslendingar, innflytjendur og íslenskan. *Ritið* 1/2007:63–81.
- Íslenska til alls. Tillögur íslenskrar málnefndar að íslenskeri málstefnu samþykktar á Alþingi 12. mars 2009.* 2. útgáfa. Rit 44. Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Reykjavík, 2009. Aðgengilegt á vef Íslenskrar málnefndar, <http://islenskan.is>, og á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis, <http://www.menntamalaraduneyti.is/>
- Nína V. Magnúsdóttir. 2012. „Allir vilja eignast íslenskar vinir“. Hverjar eru helstu hindranir á vegi erlendra grunn- og framhaldsskólanemenda í íslensku skólakerfi? Óprentuð M.Ed.-ritgerð, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Reykjavík. Aðgengilegt á: <http://hdl.handle.net/1946/4576>